



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið



# Leikskólinn Berg

2024 – 2025



## Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

## Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans .....	3
1 Greinargerð aðstoðarleikskólastjóra .....	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024 .....	6
3 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025.....	8
4 Innra mat Álfasteins og Dvergasteins.....	11
5 Dvergasteinn – greinargerð deildarstjóra.....	13
6 Álfsteinn – greinargerð deildarstjóra.....	17
7 Innra mat sérkennslu.....	26
5 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn .....	27
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	29
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	30
8 Foreldrasamvinna.....	31
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal .....	32
10 Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans Bergs 2024-2025 .....	33
10.1 Frá foreldraráði/foreldrafélagi Bergs.....	36



# Leiðarljós leikskólans


Virðing – samvinna – metnaður

## 1 Greinargerð aðstoðarleikskólastjóra

Ágúst mánuður fór að mestu leyti í aðlögun nýrra barna og starfsfólk var að tynast inn eftir sumarfrí. Þetta var að mestu leyti sami starfsmannahópurinn og áður en tveir nýir starfsmenn bættust í hópinn. Í lok ágúst voru flestir komnir til vinnu og aðlögun langt komin. Það kom svo önnur hrina aðlögunar í byrjun nýs árs 2024, en við finnum greinilega fyrir skorti á leikskólaplássum í Reykjavík því sumir foreldrar eru tilbúnir að keyra úr miðbæ Reykjavíkur til að koma til okkar í sveitina sem er mjög jákvætt.

Við byrjuðum markvisst starf í byrjun september. Þar sem við höfum verið með viss þema síðastliðin ár sem við skiptum niður á tímabil allan veturinn, er starfið fljótt að fara í gang og starfsmenn vita hvað stendur til að gera. Eftir að hugmyndamöppurnar voru teknar í notkun er líka enn fljótlega að finna viðeigandi verkefni sem henta inn í þemavinnuna. Síðasta þemað okkar náttúran og fjörulallar byrjaði um miðjan mars en við bættum inn í það þema, lestur bóka (djúplestur). Stefnan er að vinna markvisst með sömu bókina í þrjár vikur. Þetta er góð viðbót við alla málörvunina sem er unnið að allan ársins hring.

Undanfarin ár hefur starfsmannahópurinn verið að endurmeta vinnu sína reglulega, hvað gengur vel og hvað við þurfum að bæta. Þetta á bæði við innra og ytra mat. Við erum komin með nokkuð góðar reglur í þessari vinnu en eigum eftir að fínþússa hana enn betur. Það taka allir þátt í matinu, starfsfólk, börn og foreldrar.



Síðastliðin tvö ár höfum við verið að innleiða hugmyndafræðina *Vaxandi hugarfar* en þessi hugmyndafræði gengur út á það að hvetja börnin áfram með jákvæðum og kærleiksríkum aga og hvatningu. Starfsmannahópurinn hefur skoðað samskipti sín við börnin og hvernig er talað til þeirra. Þetta hefur gengið vel og erum við nokkuð ánægð með hvernig innleiðingin hefur gengið.


Elstu börnin fóru í margar menningarferðir til Reykjavíkur á liðnu skólaári. Þau fóru á sex vikna námskeið hjá Myndlistarskóla Reykjavíkur en skólinn er staðsettur nærri Seltjarnarnesi svo þetta er langt ferðalag fyrir þau.

Grænfánavinna er stór þáttur í vinnu okkar á Bergi enda rík hefð fyrir flokkun og að allir hugsi vel um umhverfið. Matarsóunarvikur eru fastir liðir nokkrum sinnum yfir veturinn og börnin orðin mjög meðvituð um rétta skammta á diskana sína.

Í vetur tókum við upp þá nýjung að gefa út rafrænt fréttabréf til foreldra þar sem helstu fréttir af vinnu barnanna eru sýndar bæði á myndum og í texta. Það er fróðleikshorn þar sem rætt er um þróun barnateikninga, mikilvægi lestar fyrir börn og fleira. Þetta bréf hefur fallið vel í kramið hjá foreldrum enda mun fljótlegra að skoða myndir í því en í Völu.

Við tókum líka upp á þeirri nýjung að vera með málshátt / hugtak vikunnar til að efla íslenskuvitund okkar starfsmannanna og útskýra hugtök / málshætti fyrir börnunum. Þetta er skemmtilegt og munum við halda þessu áfram.

Leikskólinn sótti um styrk vegna Barnamenningarhátíðar sem var í apríl og fékk hann. Styrkurinn var notaður til að kaupa vörur í listsköpun og búninga fyrir leikritið *Allir hafa rödd*. Leikritið fjallar um kosningu á bæjarstjóra í litlu þorpi undir Esjunni, börnin sömdu leikritið með hjálp kennara og var meginþema í því hvernig lýðræði virkar, meirihlutinn ræður. Við unnum töluvert með hvað lýðræði er í kringum hátíðina og var þetta var mjög fjörukt og skemmtilegt verkefni.



Á vormánuðum fékk leikskólinn, grunnskólinn og frístundin á Klébergi hvatningarverðlaun frá skóla – og frístundarsviði Reykjavíkur fyrir verkefnið *Allir saman í Klébergi*. Að þessu verkefni hefur verið unnið í nokkur ár. Markmiðið með verkefninu okkar er að auka samfellu í námi og starfsháttum milli leikskólans, frístundarinnar og grunnskólans á Klébergi. Við viljum gefa leikskólabörnum tækifæri til að kynnist grunnskólalífínu áður en þau hefja skólagönguna og að bjóða nemendum grunnskólans velkomna í leikskólann og frístundastarfið.



Á næsta skólaári munum við vera með sömu áherslur og áður í vinnu okkar með börnunum en bætum töluvert við í skráningum í þeim tilgangi að kynnst veik- og styrkleika barnanna betur svo vinnan okkar verði enn markvissari. Í stafsannahópnum munum við halda áfram að styrkja hvert annað, hrósa og efla stolt og ánægju allra sem starfa á Bergi.

Allir starfsdagar leik- og grunnskólans á Klébergi eru sameiginlegir og þrír af þeim einnig sameiginlegir með leik- og grunnskólum sem tilheyra Austurmiðstöð.

Á Klébergi er samhent samfélag sem vinnur saman að velferð barna frá eins árs aldri til sextán ára.

Kærar kveðjur,

Kristín Sigríður Evertsdóttir og Sigrún Anna Ólafsdóttir





## 2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024

### Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Læsi / málörvun og samskipti milli barna	Skráningum og umræðum	Starfsmenn og foreldrar	Ákveðið að bæta við djúplestri á bókum á vormánuðum 2024
Mannauður og ábyrgð	Umræðum á deildarfundum og starfsdögum	Starfsfólkið	Starfsfólkið gerir sér betur grein fyrir ábyrgð sinni og fær að njóta sín meira á sínu áhugasviði
Stjórnun	Á deildarfundum og starfsdögum. Viðhorfskönnun starfsmanna 2023.	Starfsfólkið	Hefur gengið vel, heildareinkunn í viðhorfskönnun starfsmanna var 4,41 sem er 0,23% hækkun frá fyrri könnun
Leikskólabragur, viðmót og menning	Í samtölum við starfsfólk og foreldra	Starfsfólk og foreldrar	Gengur vel, almenn ánægja hjá foreldrum
Lýðræði	Skoðuðum starfið í leikskólanum hvað getum við bætt	Starfsfólk og börn	Börn hafa mikil áhrif á hvað þau velja og skoðanir þeirra eru ræddar, oft leiða skoðanir þeirra til breytinga
Faglegur metnaður og faglegt samstarf	Á starfsdögum og á deildarfundum	Starfsfólk	Metnaður hefur aukist mikið í starfsmannahópnum og starfsfólk leggur sig fram um að eiga gott og uppbyggilegt samstarf
Leikskólabragur, velferð og líðan barna / vinátta og tengsl	Dagleg umræða milli starfsfólks. Tengslakannanir milli barnanna.	Starfsfólk og börn	Hugmyndafræðin <i>Vaxandi hugarfar</i> hefur breytt orðræðu í húsinu á mjög jákvæðan hátt.

### Ytra mat




Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
<b>Starfsmannakönnun</b>	Rafræn viðhorfskönnun sem send er til starfsmanna á hverju ári	Starfsmenn	Þættir valdir úr niðurstöðum til að vinna með: <b>Ánægja og stolt.</b>  Starfsmenn gætu verið stoltari af vinnustaðnum – tækifæri til umbóta.  Sjá mynd hér fyrir neðan.
<b>Börn meta dagskipulag</b>	Börnin fengu blað sem foreldrar hjálpuðu þeim að fylla út	Börnin	Við bættum við tíma í frjálsa leikinn en börnin vildu fá meiri tíma til frjálsra leikja.

Kafla úr viðhorfskönnun starfsmanna – tækifæri til umbóta:

### Ánægja og stolt

Niðurstöður eru ekki birtar ef n<5

■ Leikskólinn Berg ■ Austurmiðstöð - leikskólar



### 3 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025

UMBÓTA-ÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta Að hverju er stefnt?	Aðgerðir til umbóta Hvernig framkvæmum við það?	Ábyrgð Hver ber ábyrgð, hver framkvæmir	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir? Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið um árangur Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
<b>Stjórnun</b>							
Leikskóla- þróun og símenntun	Efla kunnáttu og áhuga starfsmanna í starfi	Starfsfólk fái tækifæri á að fara á námskeið í vinnutíma eða efla sig á annan hátt í starfi.	Aðstoðar-leikskóla-stjóri	Haust 2024	Vor 2025	Aðstoðleikskólastjóri safnar gögnum frá starfsmönnum um námskeið eða nám sem þeir hafa lokið. Starfsfólk hvatt til símenntunar.	Hversu vel skilar námið sér í vinnu með börnunum hefur áhugi starfsmanna aukist í vinnu með börnunum.
Mannauður og faglegur metnaður	Að starfsmenn séu stoltir af starfi sínu og vinnustaðnum	Starfsfólk sé meðvitað um stefnu leikskólans og finni að það á stóran þátt í að móta starfið sem fer fram innan veggjum hans.	Aðstoðarl-eikskólastjóri og deildarstjórar	Haust 2024	Vor 2025	Að allt starfsfólk vandi sig í samskiptum þannig góður starfsandi ríki innan leikskólans Hrósa og hvetja vinnufélagana.	Mælanleg Hækkun í næstu starfsmannakönnun.
Námskrá	Verði tilbúin vor 2025	Skólastjóri og annað starfsfólk komi að gerð hennar ásamt foreldrafélaginu	Aðstoðar-leikskóla-stjóri	Haust 2024	Vor 2025	Aðalnámskrá leikskóla. Starfsfólk vinnur námskránnu saman.	Námskrá tilbúin



Uppeldis- og menntastarf							
Heilbrigði og velferð	Að virðing og samkennd ríki milli barnanna	Börnin fá leiðsögn frá starfsfólki gegnum jákvæð samskipti. Allar reglur eru skýrar og samræmdar. Börn fá hrós og hvatningu. Þau fá tækifæri til að leysa sjálf úr ágreiningsefni.	Allir starfs- menn	Haust 2024	Vor 2025	Allt starfsfólk er meðvitað um hvernig talað er til barna innan leikskólans og hvaða reglur eru í gildi.	Starfsfólk er með skráningar og fer í gegnum þær allt skólaárið til að átta sig á árangri
Leikskóla- bragur							
Þátttaka foreldra	Að foreldrar fái tækifæri til að taka virkan þátt í starfi leikskólans	Samtöl, fundir, kannanir og vikupóstar. Fréttabréf á ca. mánaðar fresti.	Aðstoðar- leikskóla- stjóri og deildar- stjórar	Haust 2024	Vor 2025	Niðurstöður úr samtölum og könnunum eru notaðar til að gera samvinnu milli foreldra og skóla betri	Góð niðurstaða í foreldrakönnun 2025



Innra mat							
Áætlun innra mati	Gerð tvisvar sinnum yfir starfsárið, einu sinni að hausti og einu sinni að vori	Deildarstjórar og starfsfólk á deildarfundum og starfsdögum	Aðstoðar-leikskóla--stjóri og deildarstjórar	Haust 2024	Vor 2025	Niðurstöður af fundum	Bæta það sem þarf að bæta



#### 4 Innra mat Álfasteins og Dvergasteins

UMBÓTA- ÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta Að hverju er stefnt?	Aðgerðir til umbóta Hvernig framkvæmum við það?	Ábyrgð Hver ber ábyrgð, hver framkvæmir	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir? Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið um árangur Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
<b>Starfsandi</b>	Að starfsmenn verði ánægðari í vinnu og traust ríki milli starfsmanna	Tala saman og eflum hvort annað í starfi. Hrósa og hvetja. Gildi leikskólans endurspeglast í verkum og viðhorfum starfsmanna	Allt starfsfólk	Haut 2024	Vor 2025	Deildarfundir, starfsdagar og starfsmannaviðtöl.	Starfsmannakönnun 2025
<b>Mat á námi og velferð barna</b>	Starfsfólk verði meðvitaðra um stöðu hvers barns	Með fjölbreyttum skráningum. Börnin taka þátt í að meta nám sitt.	Aðstoðar- leikskóla-- stjóri og deildar- stjórar	Haut 2024	Vor 2025	Starfsfólk fer yfir skráningar á deildarfundum og nýtir þær í bættri vinnu með börnunum.	Aukið sjálfstraust barnanna.



Málörvun	Auka málörvun í frjálsum leik	Auka þátttöku kennara í frjálsa leiknum með börnunum.	Aðstoðar-leikskóla--stjóri og deildar-stjórar	Haust 2024	Vor 2025	Með samtölum á deildarfundum og starfsdögum.	Sjáanlegur munur á málþroska barnanna með mælingum í Hljóm, Hæfnirömmum og EFI-2 málþroskaþrófinu.
Djúplestur	Auka orðaforða barnanna	Lestur á sömu bókinni í mánuð	Aðstoðar-leikskóla--stjóri og deildar-stjórar	Haust 2024	Vor 2025	Unnið með viss orð og orðasambönd.	Orðaflokkalistar



## 5 Dvergasteinn – greinargerð deildarstjóra

Á deildinni eru 12 börn og 5 starfsmenn. Nýr deildarstjóri tók við í lok sumarsins 2023. Í hópnum sem núna er á Dvergasteini er mikill fjöldi þjóðerna og mörg börn með fleiri en eitt tungumál heima fyrir, því er megin markmið okkar markviss málörvun í öllum aðstæðum.

Alla daga vikunnar erum við með morgunsamverur þar sem að við bjóðum börnin velkomin og erum með málörvunarverkefni eins og t.d. Lubbi finnur málbein eða önnur spennandi verkefni sem byggjast upp á myndum ásamt söng og leikjum. Eftir morgunsamveru er svo farið í hópastarf alla daga vikunnar nema föstudaga, en þeir dagar eru frjálssari vegna styttingu vinnuvikunnar.

Við gerðum smá breytingar á hópastarfinu þetta árið, en núna erum við bara með tvo hópa í staðinn fyrir þrjá og fleiri kennarar með hvern hóp. Þessi breyting hefur reynst okkur mjög vel og ætlum við að halda okkur við þetta skipulag. Okkur finnst börnin fá meira út úr starfinu auk þess að þá fá öll börnin sömu fræðslu og einnig eiga kennarar auðveldara með undirbúning starfsins. Þetta gefur líka starfsmönnum tækifæri á að sinna hverju barni betur.



### Samverur

Í samverum einblínum við mikið á málörvun förum meðal annars yfir Lubba hljóð/staf dagsins, orð og myndir skoðaðar sem byrja á þessum staf auk þess sem stafasöngurinn sem fylgir hverjum staf var sunginn. Við skoðuðum líka veðurfar og hvernig þyrfti að klæða sig

þennan dag ásamt því að læra að telja, klappa orð í atkvæðum og margt fleira. Söngur, loðtöflur og lestur er fastur liður í samverum.

## Hópastarf

Eins og nefnt var hér að ofan hafa verið gerðar breytingar á hópastarfinu og eru hóparnir bara tveir núna. Það eru fimm börn í öðrum hópnum og sex í hinum hópnum. Þetta gerir okkur kleift á að veita börnunum meiri athygli þar sem það eru fleiri kennarar með einn hóp og börnin fá því að blómstra meira á sínum sviðum. Með þessu móti er auðveldara að koma til móts við áhuga og þol barnanna, ef eitt barnið hefur mikinn áhuga en annað ekki þá er auðveldara fyrir starfsfólkið að skipta börnunum á milli hópa eða herbergja. Í hópastarfinu vinnum við með hugtök tengd þemanu sem er í gangi hverju sinni eftir bestu getu og vinnum einnig með fín- og grófhreyfingar. Stundum getur það reynst okkur frekar erfitt að halda í þemum leikskólans vegna ungs aldurs barnanna en þá reynum við að aðlaga að aldri barnanna og finna hugtök sem komast næst þemanu og vinnum með þau í staðinn. Við getum nýtt okkur allskonar verkfæri sem við höfum eins og t.d. bangsann Blæ í félagsfærni verkefni, leikur að læra til að efla grófhreyfingar og svo höfum við mikið notað könnunarleikinn til úrvinnslu og skynjunar.



## Áherslur deildarinnar

**Málörvun:** Þar sem við erum með börn á máltökualdri er málörvun okkar megin áhersla, við vinnum mikið með gefðu 10 en það felur í sér að gefa hverju barni að minnsta kosti 10 mínútur í spjall. Við erum að innleiða að nota tákni með tali í samverum og söng til að börnin geti líka tengt tákni við orð til að auðvelda þeim börnum sem eiga erfiðara með að tileinka sér tungumálið. Samverurnar eru okkar styrkur til að efla tungumálið með leikjum, lestri, myndum og söng. Við þurfum aðeins að bæta okkur í að færa málörvun einnig inn í frjálsa leikinn með börnunum og það er eitt af markmiðum okkar á komandi skólaári.

Við prófuðum nýtt verkefni á vormánuðum sem kallast djúplæsi og gekk það mjög vel. Okkur langar að halda því verkefni áfram eftir sumarfrí. Í því verkefni er viss bók tekin fyrir. Hún er





lesin oft og ákveðin hugtök tekin upp úr henni eins og andstæður, samheiti eða tilfinningar svo er kafað dýpra í þau hugtök. Fjallað er um viðfangsefnið á margan hátt t.d. með myndum eða skynjun. Þetta gekk vonum framar með yngstu börnunum og var mjög skemmtileg vinna.

**Félagsfærni:** Við leggjum mikið upp úr því kenna börnum félagsfærni og okkar helsta verkfæri í þeirri vinnu er bangsinn Blær. Vinaverkefnið Blær er kennsluefni á vegum Barnaheilla sem eflir vináttu milli barnanna og kennir þeim góð samskipti. Efninu fylgja allskonar leikir, sögur og fleira efni sem stuðla að tilfinningalæsi og samvinnu fyrir allan aldur.

Í vetur skiptust börnin á að taka bangsann Blæ með sér heim yfir helgi. Þá fékk barnið tækifæri á að bjóða Blæ með sér í öll verkefni sem fjölskyldan var að gera þá helgina. Foreldrar skrifuðu svo í Blæbókina það sem fram fór og sumir settu líka inn myndir. Í samveru var börnunum sýnt það sem kom í bókina hverju sinni áður en Blær fór í næstu heimsókn. Þetta gekk vel, börnin voru glöð að fá Blæ með sér heim og allir fylgdust spenntir með í samveru þegar Blær kom aftur í leikskólann. Þetta bauð líka upp á mikla málörvun með börnunum og upprifjun á liðnum atburðum.

**Sköpun og könnunarleikur:** Þegar kemur að sköpun reynum við eftir bestu getu að hafa efnivið mjög opinn og fjölbreyttan fyrir börnin. Með því að hafa efniviðinn opinn náum við að auka sköpun og fjölbreytileika í áferðum og skynjun hjá börnunum. Við vinnum mikið með málningu og efni sem við finnum í náttúrunni eins og t.d. steina, sand og skeljar.

Könnunarleikurinn er einnig mikilvægur til að ná fram skynjun og færni barnanna. En eins og í sköpun með mismunandi efnivið eflir könnunarleikur skynfæri og getu barnanna í gróf- og fínhyfingum ásamt því að þau kynnast mismunandi áferðum hluta og þau fá að kanna heiminn í gegnum frjálsan leik á eigin spýtur.

Í umbótaáætlun 2023 til 2024 vildum við breyta hópastarfinu, aðlaga þau þemu sem eru í gangi betur að aldri barnanna, efla starfsandann og taka betur á móti nýjum starfsmönnum. Þessu öllu verum við búin að breyta og bæta og erum mjög ánægð með það. Starfsandi er mun betri og við reynum að hafa deildarfundi einu sinni í viku til að fara yfir starfið og ef eitthvað mætti betur fara, við munum halda áfram að vinna með þann umbótaþátt á komandi skólaári.



Hópastarf er orðið miklu betra eftir að breytingarnar voru gerðar og samstarfið betra fyrir vikið og er þeim umbótaþætti lokið. Opinn efniviður og þema hefur verið meira áberandi í starfi hjá okkur í gegnum hópastarfið eftir breytingarnar og við náð miklum framförum. Þessir tveir umbótaþættir komu í kjölfar breytinga hópastarfsins og er þeim því einnig lokið.

Við fengum einn nýjan starfsmann á deildina á þessu skólaári. Þar sem einn liður í umbótaáætluninni okkar var að taka betur á móti nýju starfsfólki var farið vel yfir listann *móttaka nýrra starfsmanna* og honum afhent handbók leikskólans sem allir nýir starfsmenn leikskólans fá þegar þeir hefja störf. Gaman að segja frá því að þessi starfsmaður er mjög ánægður í starfi og finnst hann vera kominn vel inn í daglegt líf leikskólans.



## 6 Álfasteinn – greinargerð deildarstjóra

Á deildinni eru 28 börn á aldrinum þriggja til sex ára. Hópurinn samanstendur af 20 börnum með íslenskan uppruna og 8 sem eru tvítyngd. Á deildinni starfa 7 starfsmenn með mismunandi vinnutíma og prósentuhlutfall. Á deildinni er lögð mikil áhersla á félagsfærni barnanna, þau eru hvött til að taka sjálfstæðar ákvarðanir og efla sig í sjálfstrausti. Leikskólinn vinnur náið með grunnskólanum sem er í næsta nágrenni við leikskólann. Öll börn sem eru á síðasta ári í leikskólanum fara í sérstakan skólahóp sem tekur virkan þátt í starfinu sem er upp í grunnskóla einu sinni í viku.

Yfir allt leikskólaárið er unnið eftir þemum og eru valdar greinar úr Barnasáttmálanum nýttar inn í starfið. Það er unnið með hvert þema 6 vikur í senn. Í upphafi vetrar byrjum við á því að taka einstaklingsmyndir af öllum börnunum biðjum þau teikna sjálfsmynd, teikna/mála handa og fótafar og unnið með grein númer 7. í barnasáttmálanum: Réttur til nafns og ríkisfangs.

**Næsta þema einkennist af „Fjölbreytileika vina og Nærumhverfi“.** Við vinnum jafn og þétt að því að kenna börnunum hvernig við komum fram hvert við annað, vera þolinmóð hvort við annað, hvað það þýðir að vera vinir, skiptast á og deilda. Leikskólinn er staðsettur rétt við sjávarmál og njótum við góðs af því. Það er farið reglulega í göngutúra og rætt um það sem er í nánasta umhverfi okkar, fiskana í sjónum, hverjir veiða þá og tegundir þeirra. Fjölbreytileikinn er mikill í okkar samfélagi og erum við svo heppin að vera með börn á leikskólanum sem koma frá öðrum löndum. Við vinnum jafn og þétt að því að kenna þeim það helsta um löndin þaðan sem að börnin koma frá sem eru á deildinni hverju sinni, til dæmis tungumál, þjóðarrétti, fána, þjóðbúninga og staðsetningar á löndum svo eitthvað sé nefnt. Börnunum voru sýndar myndir af fánum hvers lands, þau frædd um lifnaðarhætti þeirra og einnig sýnd myndskreið og notast var við Google maps frá þeim löndum sem að voru tekin fyrir. Fuglarnir sem að eru í kringum Kjalarnes eru nokkuð margir. Við erum dugleg að kynna börnunum fyrir fuglunum sem að eru í okkar nánasta umhverfi, við ræðum við börnin hvort að fuglarnir séu staðfuglar, farfuglar, egg, hreiður gerð og framvegis. Í þessum þema er einnig lagt mikið upp úr að kenna börnunum hvar þau eigi heima, götuheiti og hverjir búi á heimilinu. Öll börnin á deildinni hafa tekið virkan þátt í því að æfa sig í sviðsframkomu, hvernig maður eigi ber sig að, sýna kjark og hugrekki fyrir framan aðra í samverustund fyrir hin börnin. Í samverustundunum sem að börnin halda fyrir hin börnin eru þau búin að fylgjast með hvernig kennararnir gera og fá hugmyndir út frá því. Það sem hefur verið vinsælt hjá börnunum er að vera með Loðtöflusögu eða bók sem að þau finna sér sjálf. Þá sitja þau fyrir framan hópinn og segja sögu út frá myndunum sem að þau velja úr Sögugrunninum sem er til á deildinni. Börnin læra á orku gjafa landsins, hvernig við pössum upp á náttúruna hvernig við flokkum



rusl og endurvinnanlegt efni. Við vinnum með grein 12 í Barnasáttmálanum í þessu þema: Réttur til að láta skoðanir sínar í ljós og til að hafa áhrif.

Næsta þema snýr að jólnum og einbeitum við okkur að því að fara í Listaskálann og fönndra eitthvað skemmtilegt. Börnin gera eining jólagjafir fyrir foreldra sína sem að þau fönndra sjálf. Í þessum þema erum við með það markmið að eiga notalegar stundir saman. Börnin baka eining piparkökur og skreyta.



Eftir áramót byrjum við á þema sem að við köllum **Íslensk ævintýri/ ljós og skuggar**.

Börnin eru frædd um Þorrann, út á hvað hann gengur og hverskonar matur er kallaður Þorramatur. Börnin læra mikið inn á íslenska siði og venjur og þeim sagðar þjóðsögur og ævintýri. Þar sem að það er byrjað að rökkva mikið á þessum tíma ákváðum við að vera dugleg að leika okkur með vasaljós og búa til skuggamyndir, fara í göngutúra með ljósin og byggja okkur myrkvaða hella með allskonar efnivið. Þessi verkefni hafa slegið í gegn. Barnasáttmálagreinin sem að er unnið með í þessum þema er grein 24. Heilsuvernd barna.





Síðasta þema okkar yfir skólaárið er **Fjölmening/ Töfrateppi/ Fjörulallar**.

Fjölmening/Töfrateppið er skemmtilegur viðburður sem að hefur tíðkast á leikskólanum í nokkur ár. Það fyrsta sem er gert áður en Töfrateppin fara að birtast á leikskólanum eru tekin saman löndin þaðan sem að börnin koma frá, útbúið það helsta um hvert land og farið vel og vandlega yfir það með börnunum í hvert sinn sem að teppin birtast. Stjórnendur leikskólans hafa þá útbúið léttar sögur fyrir börnin um hvert land fyrir sig til þess að þau tengi betur við hvert viðfangsefni. Við erum það lánsöm á leikskólanum að hafa bæði börn og starfsfólk sem kemur utan úr heimi. Starfsmenn leikskólans af erlendu bergi kenndu börnunum lag á sínu tungumáli og fannst börnunum það skemmtilegt og sungu það á Menningarmótinu. Í lok þemans þegar öll bréfin voru búin að skila sér til okkar á leikskólann þá héldum við upp á það með því að bjóða aðstandendum barnanna á Menningarmót. Börnin hönnuðu sín eigin töfrateppi til þess að hafa til sýnis og komu svo með hlut að heiman sem að þeim þótti sérstaklega vænt um og lögðu á teppið til sýnis fyrir gesti, börnin sögðu frá hvers vegna þessi hlutur var fyrir valinu og var gaman að heyra sögurnar á bak við hlutinn. Við endum svo verkefnið með fjölmeningarhátíð þar sem foreldrar og starfsfólk komu með alls konar góðgæti frá heimalandi sínu.



Kennarar og börn vinna náið saman að því að skipuleggja leikrit sem er svo sett upp fyrir aðstandendur barnanna í tengslum við Barnamenningarhátíð. Leikritið sem var samið þetta árið heitir „Allir hafa rödd“. Leikritið var sett upp í anda kosninga og lýðræðis. Börnin völdu sér sjálf hlutverk og línur sem að þau fóru með fyrir framan áhorfendur. Leikritið var sett upp sem



bæjarstjóra kosning og voru tveir frambjóðendur, annar var ósanngjarn en hinn sanngjarn. Börnin fóru með kosningaræður og bæjarbúar kusu svo um hvor þeirra höfðaði til þeirra. Áður en að kosið var komu upp aðstæður þar sem að ósanngjarni frambjóðandinn vildi ekki hjálpa öðrum bæjarbúa í vanda og litaði það frambjóðandann mikið. Sá sanngjarni stökk þá til og rétti strax fram hjálparhönd, bæjarbúar sáu þá greinilega hvernig mann sá sanngjarni hafði að geyma og kusu hann sem bæjarstjóra. Verkefnið gekk mjög vel.

Í verkefninu Fjörulallar eins og nafnið gefur til kynna förum mikið niður í fjöru til þess að ræða lífríkið þar. Týnum fallega steina, skeljar og búum til falleg verkefni út frá því. Við bjuggum til okkar eigin fjöru á deildinni. Börnin föndruðu allskonar lífverur sem að þau voru búin að fræðast um klipptu út og límdu í fjöruna. Eining máluðu þá steina og skeljar og settu sand þannig að úr því myndaðist þessi fína fjara. Verkefnið gekk mjög vel og höfðu allir gaman af.



**Vináttuverkefnið Blær:** Vináttuverkefnið Blær er mikið notað, þar eru góðar félagsfærnisögur sem eru lesnar fyrir börnin og þeim sýndar myndir þar sem að þau eiga að túlka myndirnar út frá því sem að þau halda að sé að gerast, með því erum við að reyna að fá börnin til þess að setja sig í aðstæður sem upp koma hverju sinni í barnahópum. Reglulegar umræður um hvernig eigi að koma fram hvert við annað, við erum öll ólík og allir hafa rétt á sínum skoðunum. Við viljum útskrifa börnin okkar sem sterka einstaklinga sem hafa sterka réttlætiskennd og eiga auðvelt með samskipti við annað fólk. Við leggjum okkur mikið fram í því að kenna börnunum að leysa ágreining sín á milli, hafi samkennd með öðrum, geti tekið mið af aðstæðum og kunni að hjálpast að.





Blær bangsi fór heim með börnum um helgar í vetur. Þar fékk bangsi að taka þátt í öllu því sem barnið var að gera, þetta ýtir undir að börnin þurfi að segja frá hvað þau gerðu með bangsa og það eflir málþroska þeirra.

Við höfum verið að vinna með nudd sem að hjálpar börnunum að átta sig á því hvort að maður vilji láta snerta sig eða ekki, börnin eru pörðuð tvö og tvö saman og er passað upp á að sömu börnin lendi ekki oft saman til þess að reyna að fá þau öll til þess að mynda tengsl. Í nuddstund er lesinn texti sem er rólegur og þægilegur, á meðan sagan er lesin þá sýnir kennarinn einnig hvernig börnin nudda féлага sinn.



**Bína Bálreiða:** Bína Bálreiða hefur virkað vel fyrir yngsta fólkið á deildinni hjá okkur, þar er þeim kennt að bíða, hlusta og passa hendur með hjálp mynda af Bínu og einnig sögum sem eru lesnar fyrir þau.

**Lubbi finnur Málbein:** Lubbi kennir börnunum hljóðvitund og er einn stafur tekinn fyrir í viku, farið yfir vísu í bókinni (Lubbi) og fundið orð út frá stafnum sem að við erum að vinna með. Lubbalögin eru líka sungin og njóta mikilla vinsælda meðal barnanna.


**Grænfánaleikskóli:** Við leggjum mikla áherslu á að skila börnunum af okkur sem sterkum einstaklingum í félagsfærni, sjálfshjálp, hugrekki og lýðræði. Börnunum er markvisst kennt að flokka rusl, bera virðingu fyrir lífríki og hugleiðingum af orku notkun eins og t.d. rafmagni og vatni. Náttúran er allt í kringum leikskólann og er reglulega farið með börnin í göngur um hverfið að týna rusl, þau beðin um að flokka það sem hefur fundist og hvort að það sé hægt að endurnýta eitthvað. Börnin eru reglulega minnt á það að slökkva ljósin í hverju rými fyrir sig sem að er ekki í notkun, skrúfa fyrir krana eftir notkun og nota viðeigandi magn af handsápu/handþurrkum. Það hefur skilað góðum árangri og eru börnin mjög meðvituð um umhverfið og hvað er góð umgengni við náttúrunna.



Matarsóunarvikur eru fastir liðir nokkrum sinnum yfir veturinn og það heyrir oft í barnahópnum að verið sé að henda peningum þegar mat er hent.

Áttthagar og landslag er þema sem að við eru búin að vera að vinna með síðast liðið ár. Þar er farið vel yfir allt sem að er í okkar nánasta umhverfi eins og t.d. byggingar, hvar við búum, fjöll og dalir, örnefni og hvernig við getum haft áhrif á nærumhverfið okkar. Börnum voru kynntar léttar sögur af Kjalarnesi og Kjós. Fróðlegt og skemmtilegt þema sem hefur áhrif á bæði börn og kennara leikskólans.

Í náttúrunni á Íslandi er mikið búið að ganga á síðast liðið ár. Við höfum verið dugleg að ræða og kynna börnunum fyrir eldfjöllunum á Íslandi, hvað þau gera og hvers vegna þau eru kölluð eldfjöll. Við höfum svo gott útsýni af Bergi og höfum séð eldgosid og reykinn frá því út um gluggann á deildinni.



Börnin gerðu hin ýmsu verkefni sem að eru tengd eldfjöllum til að mynda sandfjall en þá var myndað fjall úr sandi og flaska með matarsóda sett ofan í ásamt rauðum matarlit og ediki. Þetta verkefni gekk mjög vel og höfðu börnin gaman af.



**Málörvun:** Það er mikil spilamenning á deildinni og börnin fara að meðaltali einu sinni á dag í hin ýmsu spil s.s. Alians, tvennu (samstæðuspil), lottó, rímispil og veiðimann svo eitthvað sé nefnt. Sérstaklega er hugað að börnum sem þurfa á málörvun að halda.

Erlendu börnunum er sérstaklega sinnt með því að spila við þau, þeim sýndar myndir af daglegum athöfnum, skoðað bækur með myndum og lagt orð á allar daglegar athafnanir. Starfsmenn leikskólans þurfa því að vera meðvitaðir um það að þeir séu góðar málfyrirmyndir fyrir öll börn og að þeir tali bæði vandað talmál og noti fjölbreytilegan og framandi orðaforða. Starfsmaðurinn þarf því að gefa sér góðan tíma í að kynnast öllum börnunum vel, hann þarf að fylgjast með því hvaða reynslu þau hafa og hvaða hæfileika þau hafa að geyma. Á leikskólanum eru starfsmenn hvattir til þess að nota allar lausar stundir til þess að taka börnin sem að þurfa hvað mest á málörvun að halda í hin ýmsu verkefni. Í hópastarfi eru til margar góðar leiðir til að nota sem styrkir málþroska ungra barna með gæðamálörvun. Í hópastarfi eru allir möguleikar opnir og hægt er að gera allt milli himins og jarðar. Tökum sem dæmi þá er hægt að syngja með þeim lög, kenna þeim rím eða vísur, stöðvavinna, hringekja, könnunarleiki, lesa með þeim sögur þar sem upp koma flókin og erfið orð, leyfa þeim að segja frá einhverju sem gerðist í sögunni og leyfa þeim að búa sjálf til sögu eða framhald af sögu sem þau hafa verið að hlusta á og vilja vinna meira með og ekki má gleyma því mikilvægasta að leyfa þeim að segja frá því sem gerðist í sögunni.


Við matarborðin á hverjum deigi er góður tími til þess að tala við börnin, sinna hverjum einstakling fyrir sig og leyfa öllum að eiga orðið. Við kennum börnum að fara með þulur, taka í sundur orð og að ríma. Það hefur gengið vel en hefur aðeins verið að gleymast í erli matartímans.

Morgnarnir eru sérstaklega tileinkaðir erlendu börnunum. Við sáum fram á að þar væri kjörið tækifæri fyrir okkur að skipta börnunum niður á starfsmenn deildarinnar á meðan önnur börn eru að tynast inn í leikskólann. Hver starfsmaður hefur fengið afhenta orðalista, hæfnisramma og skráningarblöð til þess að meta getu hjá hverju barni. Starfsmennirnir fara með börnunum í ýms spil ásamt fleiri börnum af deildinni eða einfalda þetta alveg og láta börnin endurtaka orð úr bókum sem að eru skoðaðar saman. Með þessu móti hefur okkur tekist vel að halda utan um hvert barn fyrir sig, og hefur skipulagið gengið mjög vel.



## Tannverndar vika

Tannverndar vika er nýtt verkefni inn á leikskólann. Tannverndar vikan gekk út á fræðslu fyrir börnin um tennur og tannlækna og eining hvers vegna það sé mikilvægt að huga vel að tönnum. Þeim voru sögð ævintýri af tannálfum, hlustuðu/horfðu á Karíus og Baktus og fengu þau að spreyta sig á því að burstu tennur. Í lok vikunnar fengu öll börnin tannbursta og tannkrem að gjöf til þess að styðja við góða tannhirðu.



## Umferðar vika

Allir á deildinni fá umferðarfræðslu við hæfi. Deildinni er skipt upp eftir aldri og eru starfsmenn með viðeigandi gögn fyrir hvern aldurs hóp.

Flestir kannast við krakkana í Kátugötu, það efni er sérstaklega ætlað nýjum vegfarendum og nýtum við efnið sem er gefið út frá

Umferðarstofu til þess að fræða börnin. Á heimasíðu þeirra er margt

gagnlegt sem að hægt er að nota sér t.d. leikir og hljóðbækur. Í allri

fræðslunni voru börnin alltaf spurð út í aðstæður hverju sinni og hvers vegna.



## Myndlistarskóli

Elstu börnin fóru í Myndlistarskólann í Reykjavík. Þar var þeim kennt að blanda liti, skapa listaverk og nota augun sína og eigin túlkun á því sem að þau upplifðu og sáu. Efniviðurinn sem að þau notuðust við var leir, timbur og blöð. Þau bjuggu til fjall úr brauðleir, máluðu það og settu inn í brennsluofn. Þau bjuggu til verkefnabækur úr blöðum, þau gerðu allskonar myndir í þessa bók. Þau bjuggu til kastala úr timbrinu, þau notuðu trélím til þess að líma það saman og vatnsliti til þess að mála timbrið. Með því að nota vatnsliti gátu þau séð æðarnar í timbrinu. Þau fengu eining kynningarferð um skólann þar sem að þeim var sýnt það helsta eins og t.d. brennsluofninn.



Myndlistarskólinn hefur reynst okkur mjög vel og ætlum við að halda áfram að sækja hann. Það eina sem hefur reynst okkur erfitt er ferðalagið.





## Íþróttarhúsið og Klébergsskóli:

Það er mikill samgangur á milli leik og grunnskóla enda eru skólarnir ein stofnun. Elstu börnin fara einu sinni í viku upp í skóla og taka virkan þátt í því sem að er að gerast hverju sinni. Börnin tóku virkan þátt í því sem að kennarinn í skólanum lagði fyrir og var eining leikskólakennarinn með innlögn til þess að auðvelda þeim að venjast. Börnin fóru í frímínútur, sjávargöngu en það er ganga sem allir grunnskólanemendur fara daglega í til að auka hreyfingu barna. Þau borðuðu í matsal skólans og voru í frístundinni. Þau fóru líka í tónmennt, lærðu texta og fengu almenna fræðslu um hljóðfæri og hvernig þau virka. Börnin fara í sund einu sinni í viku með sundkennara í Klébergslaug og kennara frá leikskólanum, þar var mest verið að leggja upp úr því að þau æfðu sig að vera sjálfbjarga í fataklefanum, ásamt því að leika sér í lauginni. Okkur fannst þetta skipulag ganga mjög vel.



Íþróttarhúsið er notað af öllum börnunum á deildinni í hverri viku ásamt Dvergasteini. Þeim er skipt upp í hópa og eru þeim kenndir leikir, samvinna og umburðarlyndi. Þau eru einnig æfð í allskonar jafnvægisæfingum og samhæfingu.

Reglulega var farið með elstu börn í menningar- og fræðsluferðir til Reykjavíkur, m.a. Húsdýragarðinn, skoða náttúrusafnið í Perlunni, Alþingi, Borgarleikshúsið, Grasagarðurinn og fleira. Börnunum finnst þetta mjög skemmtilegt og fræðandi auk þess sem þau æfðu sig í að fara í strætó og lærðu hvernig maður hegðar sér og notar almenningsgöngum.



Í umbótaráætlun 2023-2024 vildum við efla starfsfólk í sjálfstæðum vinnubrögðum og að starfsmenn myndu nýta undirbúning sinn betur.

Til þess að starfsmenn ættu auðveldara með að nálgast nytsamlegt gögn sem að hjálpar þeim að vera öruggari í starfi útbjó deildarstjóri hugmyndarmöppu fyrir deildinna til þess að hafa öll gögn bæði á sama stað og til þess að starfsmenn þyrftu ekki að eyða undirbúning sínum í óþarfa leit á netinu af efni sem að deildarstjórinn átti til. Í möppunni er að finna allt frá föndur hugmyndum að nytsamlegu fræðsluefni. Starfsmennirnir hafa nú geta nýtt undirbúning sinn betur, og vita að hverju þeir ganga. Starfsmennirnir voru hvattir áfram í að leita í möppuna og hefur það skilað sér inn á deild. Er þessum umbótaþáttum því lokið.



## 7 Innra mat sérkennslu

### Mat á sérkennslu 2023-2024

<p><b>Skipulagning sérkennslu</b>  Hvernig var sérkennslan skipulögð;  Var gerð einstaklingsnámskrá fyrir öll börn sem þess þurftu með?  Var lögð áhersla á að barn sem nýtur stuðnings sé virkur þátttakandi í leikskólastarfinu og að stuðningur fari fram innan barnahópsins eins mikið og frekast er kostur?  Gætti allt starfsfólk leikskólans að því að stuðla að fullgildi barna þannig að þau taki virkan þátt og öðlist gleði í leik og öðru námi og starfi?  Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópstarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?</p>	<p>Það eru gerðar einstaklingsáætlanir fyrir öll börn sem fá sérkennslu. Þær eru mjög ýtarlegar fyrir þau börn sem eru með sértækan stuðning og eru endurskoðaðar á 5 til 8 vikna fresti. Þau börn sem fá snemmtæk inngrip sem er aðallega málörvun fá viss verkefni sem eru skoðuð eða breytt á ca. sex vikna fresti þegar skráningar sýna að þau hafa náð vissri færni sem stefnt var að.</p>
<p><b>Hvaða matsgögn voru notuð?</b>  Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.</p>	<p>TRAS, AEPS, HLJÓM-2, EFI -2</p>
<p><b>Hvaða námsefni var notað?</b>  Voru t.d. notuð aðkeypt námsgögn?</p>	<p>Starfsmaður fór á TEACCH námskeið og útbúin voru ýmis verkefni. Lítil leikföng sem börn fengu að leika sér með í lok vinnustundar. Spil og ýmis heimatilbúin málörvunarverkefni. Orðakassi og bókin Orð eru ævintýri, Sögukassinn og fleira.</p>

### Umbótaáætlun sérkennslu 2024-2025

UMBÓTAÞÁTTUR/ UR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Gera betri skráningar	Vinnustundir, spil og í leik	Hæfniramar og skráningar með orðflokkum	Sérkennslustjóri	Haust 2024	Vor 2025	Útfylltir listar sem sýna þróun í málþroska barnanna	Að bæta orðaforða barnanna





## 5 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

Mat á málörvun og virkri þátttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn 2023-2024

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Skipulögð málörvun bæði einslega og í hóp með öðrum börnum. Eins fara starfsmenn inn í leik og setja þá orð á athafnir.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Starfsfólk gerir skráningar og hæfnirammur eru notaðir og endurskoðaðir reglulega til að bæta við orðaforða barnanna. Við vinnum með gefðu 10.
Er lögð áhersla á að leggja inn ríkulegan orðaforða/dýpka orðaforða (í öllum aðstæðum, bæði skipulögðum og óskipulögðum)?	Allt starfsfólk er meðvitað um það og allar stundir eru gripnar, bæði úti og inni. Tókum nýlega upp djúplestur, verkefni sem bæði börn og starfsfólki hafa gaman og gott af. Við munum halda því áfram.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Eru t.d. notuð matstæki, <i>Hæfnirammur í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla</i> , gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Notum orðflokablöð og árangur barnanna er skráður. Notum hæfniramma til að átta okkur á hvar börnin standa og vinnum svo einstaklingslega með hvert barn (eða í hóp ef þau eru á svipuðum stað). Hæfnirammarnir eru alltaf í endurskoðun því skráningar eru orðnar nokkuð góðar hjá okkur.
Er hugað að öllum þáttum í læsisstefnu leikskóla, <i>Lesið í leik</i> , varðandi málþroska og virka þátttöku barna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Það er unnið með alla þessa þætti í sérstökum málörvunarstundum, við matarborðið og börnin eru æfð í að koma fram fyrir hóp þar sem þau þurfa að tala og tjá sig. Það eru fastar stundir þar sem lesið er fyrir börnin og kafað í textann. Elstu börn vinna bók - og tölustafi og Lubbi finnur málbein er fastur liður í hverri viku.



## Umbótaáætlun –fjöltyngi 2024-2025

UMBÓTA- ÞÁTTUR/ MATS- ÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Málörvun	Tími á morgnan na	Kennarar sjá um viss börn eða barna-hópa á vissum tímum dags	Aðstoðar- leikskóla- stjóri			Hæfni- rammar Skráningar. EFI-2 og Hljóm	



## 6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Stutt starfsmannaviðtöl voru tekin við alla starfsmenn í september svona rétt til að taka púlsinn á líðan fólks. Stærri viðtöl voru svo í janúar 2024. Niðurstöður úr viðtölunum voru notaðar til að finna þau námskeið sem starfsfólk hafði áhuga á og námskeið sem aðstoðarleikskólastjóri stakk uppá sem hentuðu starfi hvers starfsmanns fyrir sig. Önnur mál sem upp komu voru leyst með hjálp deildarstjóra. Almennt var gott hljóð í starfsmönnum og viðtölin gengu vel.

Starfsmenn leikskólans eru almennt duglegir að fara á námskeið og er það mjög jákvætt því allir læra eitthvað nýtt og spennandi á hverju námskeiði fyrir sig.

Starfsmenn yngri deildar fóru á ráðstefnu leikskóla í september. Deildarstjóri á eldri deild fór á massíft PMTO námskeið. Starfsmaður með stuðning fór á 3 daga THECCH námskeið. Annar starfsmaður fór á Eflingarnámskeið 1 á vormánuðum. Tveir starfsmenn á yngri deild fóru á námskeið málörvun fyrir lítil börn. Nýr erlendur starfsmaður fór á þrjú íslenskunámskeið á síðastliðnu skólaári og er núna á fagnámskeiði 1 fyrir starfsfólk leikskóla. Blandað stað- og fjarnám.

Einn starfsmaður fór á námskeið á vegum Mímis, *starf og leikur í leikskóla B*. Starfsmenn voru líka duglegir að nýta sér fjarnámskeið á vegum Lærdómssamfélag læsisteymis jafnt og þétt í vetur (2023 – 2024).

Þau námskeiðs sem eru fyrirhuguð haust 2024 og vor 2025 eru:

Tölvunámskeið fyrir starfsmann, Eflingarnámskeið 2 fyrir starfsmann sem kláraði Eflingarnámskeið 1 vor 2024. Framhaldnámskeið í Íslensku fyrir erlendan starfsmann sem hefur klárað þrjú námskeið hjá Mími og í skoðun er námskeiðið leikskólaliði og stuðningsfulltrúabré (Mímir) fyrir einn starfsmann sem hefur unnið lengi á Bergi og búinn með Fagnámskeið 1 og 2 auk fjögurra íslenskunámskeiða. Ef áhugi vaknar hjá starfsfólki eða aðstoðarleikskólastjóri sér eitthvað spennandi í haust munum við bæta við námskeiðum fyrir starfsfólk, grípa þau námskeið sem í boði eru og nýtast okkar fólki. Við viljum að allir hafi tækifæri á að læra nýja hluti sem nýtast vel í starfi.





## 7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Elstu börn í leikskólanum fara í grunnskólann einu sinni í viku allan veturinn þar sem þau taka þátt í tónlistartíma, frímínútum, kennslustundum, fara í frístund og borða með grunnskólabörnum. Þau fara einnig í sund og ganga sjávargönguna með öðrum grunnskólanemendum.



Kennarar og starfsfólk á báðum skólastigum vinna saman að námi og þroska barnanna. Með þessari samvinnu kynnast kennarar og starfsfólk börnunum vel og börnin sömuleiðis, þau verða öruggari, læra að rata í skólabyggingunni og gera sér grein fyrir hvaða kröfur eru gerðar til þeirra á nýjum stað. Þau læra að bjarga sér í matsalnum og í búningsklefanum í íþróttahúsinu.

Börn í fyrsta bekk og elstu börn í leikskólanum gróðursetja tré á hverju vori í Barnalundinum okkar. Margar uppákomur eru sameiginlegar með grunn- og leikskólanum eins og t.d. Leikhópurinn Lotta og leikskólabörnum er boðið í grunnskólann á generalprufu fyrir árhátíð. Útskrift elstu barna er í sal Klébergsskóla og í vor vorum við með leikrit sem tengdist Barnamenningarhátíð í sal skólans. Það gafst mjög vel og munum við gera það aftur að ári.

Ungmenni í Klébergsskóla er boðið upp á að velja leikskólann sem val í námi sínu, það hefur gefist vel því við erum með starfsmann í vinnu sem kom til okkar í vali fyrir nokkrum árum og er hér enn.

Við reynum eftir fremsta megni að vera opin fyrir öllum tækifærum til að vinna saman að þroska barnanna okkar sama á hvaða skólastigi þau eru, ef við sjáum ný tækifæri til samvinnu grípum við þau því við erum öll saman á Klébergi.



## 8 Foreldrasamvinna

Foreldrasamvinna er mjög góð. Í foreldrafélaginu eru nokkrir dugnaðarforkar sem koma með góðar hugmyndir og styðja vel við leikskólann. eru hugmyndaríkir í fjáröflun fyrir félagið og að sækja um styrki úr hverfissjóðum sem nýtast vel fyrir alskyns uppákomur í leikskólanum. Foreldrafélagið býður öllum leikskólabörnum og fjölskyldum þeirra í sveitaferðina á vorin sem er mjög rausnarlegt því fjöldinn er mikill, núna vorið 2024 eru um 100 manns sem ætla að mæta í sveitina. Á sumarhátíðinni verður leiksýning og hestar í boði foreldrafélagsins.

Það er ánægjulegt hversu foreldrar eru duglegir að mæta á allar uppákomur sem leikskólinn býður þeim á yfir veturinn, það er nánast alltaf 100% mæting en uppákomur eru u.þ.b. einu sinni í mánuði. Í viðtölum og annarri samvinnu með foreldrum hefur komið fram almenn ánægja hjá foreldrum sem við erum þakklát fyrir. Við leggjum okkur fram í öllum samskiptum því góð samvinna með foreldrum er grunnurinn að því að börnin séu ánægð og þroskist vel. Hugmyndir frá foreldrum er tekið vel og síðastliðin tvö skólaár hafa foreldrar tekið þátt í endurmati með börnunum sínum á vissum stundum í leikskólanum. Þetta endurmat hefur leitt til nokkurra breytingar eins og t.d. lenging á frjálsa leiknum.

Kvenfélag Kjósarhepps hefur í gegnum tíðina styrkt skólustarf á Klébergi með góðum gjöfum. Í ár fengum við Leikhópinn Lottu með leikritið um Bangsímon fyrir alla krakkana á Klébergi. Vegna veðurs var sýningin sem átti að vera úti, færð inn í Klébergsskóla. Börn frá 1 árs aldri og upp í 16 ára skemmtu sér konunglega – og ekki síst starfsfólkið. Við færum kvenfélagskonum í Kjósinni hjartans þakkir fyrir þessa rausnarlegu gjöf.



# 9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal



## Leikskóladagatal 2024 - 2025

Nafn leikskóla: **Leikskólinn Berg**

	ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 F	Sumarlökun	1 S	1 Þ Foreldrafundur	1 F	1 S Fullveldisdagurinn	1 M Nýársdagur	1 L	1 L	1 Þ	1 F Verkalýðsdagurinn	1 S Sjómannadagurinn	1 Þ
2 F	Sumarlökun	2 M	2 M	2 L	2 M	2 F	2 S	2 S	2 M Tófrateppi	2 F Sameiginlegur starfsdagur	2 M	2 M
3 L		3 Þ	3 F	3 S	3 Þ	3 F	3 M Bler afmæli	3 M Bolludagur	3 F Barnamenningarhátíð	3 L	3 Þ	3 F
4 S		4 M Lestrarormur hefst	4 F	4 M	4 M	4 L	4 Þ	4 Þ Sprengidagur	4 F	4 S	4 M	4 F
5 M	Friðdagur verslunarmanna	5 F	5 L	5 Þ	5 F Jólafundur foreldrafélagsins	5 S	5 M	5 M Óskudagur	5 L	5 M	5 F	5 L
6 Þ	Leikskóli opnar kl. 7:45 eftir sumarlökun	6 F	6 S	6 M	6 F	6 M Þrettándinn Lestrarormur hefst	6 F	6 F Sameiginlegur starfsdagur Dagur leikskólans	6 F Tófrateppi	6 S	6 F	6 S
7 M		7 L	7 M Vika gegn matarsón	7 F	7 L	7 Þ	7 F Dagur tónlistarskólans	7 F	7 M	7 M	7 L	7 M Sumarlökun
8 F		8 S Dagur læsis	8 Þ	8 F Baráttudagur gegn einelli Grænn dagur	8 S	8 M	8 L	8 L	8 Þ	8 F	8 S Hvítasunnudagur	8 Þ Sumarlökun
9 F		9 M	9 M	9 L	9 M	9 F	9 S	9 S	9 M	9 F	9 M Annar í hvítasunnu	9 M Sumarlökun
10 L		10 Þ	10 F	10 S	10 Þ	10 F	10 M	10 M	10 F	10 L	10 Þ	10 F Sumarlökun
11 S		11 M	11 F	11 M Vasaþósavika	11 M	11 L	11 Þ	11 Þ Dagur íslenska tákmarksins	11 F	11 S	11 M	11 F Sumarlökun
12 M		12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 M	12 L	12 M Umferðarvika	12 F	12 L
13 Þ		13 F	13 S	13 M	13 F Jólamaturl / jólahöfud	13 M	13 F Veitingahúsið	13 F	13 S Pálmasunnudagur Barnamenningarhátíð ljúkur	13 Þ	13 F	13 S
14 M		14 L	14 M Foreldravöðul	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 F	14 M	14 M	14 L	14 M Sumarlökun
15 F		15 S	15 Þ Bleikur dagur	15 F	15 S	15 M	15 L	15 L	15 Þ	15 F	15 S	15 Þ Sumarlökun
16 F		16 M	16 M	16 L	16 F	16 F	16 S	16 S	16 M	16 F	16 M	16 M Sumarlökun
17 L		17 Þ	17 F	17 S	17 Þ	17 F Lestrarormi ljúkur	17 M	17 M	17 F	17 L	17 Þ	17 F Sumarlökun
18 S		18 M	18 F Afmælishátíð á Klebergi	18 M	18 M	18 L Jólabbal	18 Þ	18 Þ	18 F	18 S	18 M	18 F Sumarlökun
19 M		19 F	19 L	19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 M	19 L	19 M	19 F	19 L
20 Þ		20 F	20 S	20 M	20 F	20 M	20 F	20 F	20 S	20 Þ	20 F	20 S
21 M	Sameiginlegur starfsdagur	21 L Friðardagur	21 M	21 F	21 L	21 Þ	21 F	21 F	21 M	21 M	21 L	21 M Sumarlökun
22 F		22 S	22 Þ	22 F	22 S	22 M	22 L	22 L	22 Þ	22 F	22 S	22 Þ Sumarlökun
23 F		23 M	23 M	23 L	23 M Þorláksmessa	23 F	23 S	23 S	23 M	23 F	23 M	23 M Sumarlökun
24 L		24 Þ	24 F	24 S	24 Þ Aðfangadagur jóla þorra	24 F	24 M	24 M	24 L	24 L	24 Þ	24 F Sumarlökun
25 S		25 M	25 F	25 M	25 M	25 L	25 Þ	25 Þ	25 F	25 S	25 M	25 F Sumarlökun
26 M	Hjóladaur	26 F Evrópski tungumáladagurinn Náttfaldagur	26 L	26 Þ Fyrsti vetrardagur	26 F	26 S	26 M	26 M	26 L	26 M	26 F	26 L
27 Þ		27 F	27 S	27 M	27 F	27 M	27 F	27 F	27 S	27 Þ	27 F	27 S
28 M		28 L	28 M	28 F	28 L	28 Þ	28 F	28 F	28 M	28 M	28 L	28 M Sumarlökun
29 F		29 S	29 Þ	29 F	29 S	29 M	29 L	29 L	29 Þ	29 F	29 S	29 Þ Sumarlökun
30 F		30 M	30 M	30 L	30 M	30 F	30 S	30 S	30 M	30 F	30 M	30 M Sumarlökun
31 L			31 F		31 Þ	31 F		31 M		31 L		31 F Sumarlökun



## 10 Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans Bergs 2024-2025



### Foreldrafélag og foreldraráð/skólaráð leikskólans skipa:

Alfa Freysdóttir – foreldrafélag og foreldraráð/skólaráð

Brynja Baldursdóttir – foreldrafélag

Elsa Rún Erlendsdóttir – foreldrafélag

Ólöf Ósk Guðmundsdóttir – foreldrafélag og foreldraráð/skólaráð

## Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.



## Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

## Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.



## 10.1 Frá foreldraráði/foreldrafélagi Bergs

Foreldrafélag leikskólans Bergs hefur fengið starfsáætlun leikskólans Bergs fyrir árið 2024-2025 til yfirlstrar og lýsir foreldrafélagið yfir ánægju sinni með starfsáætlunina sem er ítarleg og vel unnin. Það má vel sjá í daglegu starfi að unnið var eftir starfsáætlun síðasta árs; mikill metnaður og fagmennska ríkir í starfinu og vilji til að gera enn betur. Starfsandinn virðist mjög góður og starfsmenn duglegir að sækja námskeið til að bæta við sig þekkingu í starfi.

Í daglegu starfi er unnið vel eftir starfsáætlun. Gaman er að sjá að hagar barnanna er ávallt hafður að leiðarljósi sem sýnir sig t.d. vel í innleiðingu hugmyndafræðinnar um *Vaxandi hugarfar*; sem hvetur börnin áfram með jákvæðri og kærleiksríkri hvatningu og aga.

Málörvun, sköpun og menningu er almennt sinnt vel en langar okkur sérsaklega að hrósa verkefnum Töfrateppi, Menningarmóti og leiksýningunni *Allir hafa rödd* sem börnin sömdu með kennurum og sýndu sjálf á sviði í Klébergsskóla. Þessi verkefni fjalla bæði um lýðræði, fjölmenningu, frið og fjölbreytileika.

Samvinna á milli leikskólans Bergs, Klébergsskóla og Kátakots frístundarheimilis er mikil. Leikskólabörnin þekkja vel til í Klébergsskóla sem auðveldar tilfærslu úr leikskóla yfir í grunnskóla. Verkefnið *Allir saman í Klébergi* hlaut hvatningarverðlaun skóla-og frístundaráðs Reykjavíkur og eru þau vel að þeim verðlaunum komin. Í fyrra opnaði bókasafn á Klébergi og gaman að sjá að starfsmenn leikskólans hafa heimsótt safnið reglulega í vetur með börnin.

Foreldrafélagið þakkar fyrir frábært og faglegt starf í vetur og hlökkum við til að fara inn í næsta skólaár á leikskólanum Bergi.

Fyrir hönd foreldrafélags leikskólans Bergs,

Alfa Freysdóttir



